

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafjörður



Dags eftirlits	9.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6203911079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ella Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Andri Gunnarsson og Rúnarsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, losun á fosfór árið 2021 var yfir heimiluðum mörkum í starfsleyfi. Tvær ábendingar voru gerðar, annars vegar um misræmi í upplýsingum í ársyfirliti og grænu bókhaldi og hins vegar um að girða lóðina af til að hindra óviðkomandi aðgang.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði.

Benchmark Genetics Iceland er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 18.8.2022 og gildir til 18.8.2037.

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum í Kollafirði. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn og framleiðsla á ári ekki yfir 20 tonn.

Öll ker í stöðinni (alls tæplega 400 m<sup>3</sup>) eru innandyra en eldri ónýtt ker eru utandyra.

Allt vatn í stöðinni er sjálfrennandi og engar dætur notaðar. Enginn olútankur er í stöðinni.

Frárennsli er á tveimur stöðum út úr stöðinni. Annars vegar fer frárennslið í skurð sem rennur í settjörn nokkuð frá stöðinni en hins vegar fer frárennslið í settjörn sem svo rennur úr í sömu settjörn og hitt frárennslið fer í. Úr sameiginlegu settjörnninni rennur svo afrennsli í lón sem að lokum rennur úr út í sjó.

Fóður kemur til stöðvarinnar í pokum og við fóðrun eru notaðir skífufóðrarar.

Sorphirða er á vegum Reykjavíkurborgar en dauðfiskur og hængir sem flokkaðir eru frá fer í Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir nýtt starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Ársyfirliti og grænu bókhaldi var skilað á tilskildum tíma, þ.e. fyrir 1. maí sl. Í gögnunum kemur fram að losun á fosfór er umfram heimild í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að misræmi er í upplýsingum um losun níturs frá stöðinni. Þar sem losunin var innan marka sem sett eru í starfsleyfi, er einungis um ábendingu að ræða.

Framleiðsla í stöðinni árið 2021 var rétt undir mörkum.

Frárennismæling var gerð í nóvember 2021.

2. Farið yfir nýtt starfsleyfi

Þar sem nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir stöðina í ágúst sl. var farið yfir það og þær breytingar sem eru frá eldra starfsleyfi. Meðal annars er nú gerð krafa um að frárennissýni séu tekin tvisvar á ári og dregið úr því magni fosfórs sem losa má frá stöðinni. Rekstraraðila er bent á að fara vel yfir starfsleyfið og þær kröfur sem þar eru gerðar.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

#### 4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

#### 5. Önnur mál

Gert er ráð fyrir að stöðin fái vottun skv. ISO 14001 á næsta ári.

Við vinnslu gildandi starfsleyfis barst Umhverfisstofnun kvörtun frá nágrönnum stöðvarinnar, vegna lykta sem barst frá stöðinni. Samkvæmt rekstraraðila var um einstakt tilfelli að ræða sem ekki kemur til með að endurtaka sig.

#### 6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Stöðin er mjög snyrtileg og eru lyf og hreinsiefni geymd á viðurkenndan hátt. Öryggisblöð eru til staðar í efnageymslu.

Girðing umhverfis lóðina er í slæmu ástandi. Fyrirhugað er að setja upp nýja girðingu við aðkomu að stöðinni en rekstraraðili er hvattur til að girða lóðina alla af til að hindra eins og hægt er aðgengi óviðkomandi að stöðinni.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

gr. 3.1 í starfsleyfi sem var í gildi árið 2021 Losun fosfórs frá stöðinni var árið 2021 umfram heimiluð mörk í starfsleyfi.




## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. Annars vegar var misræmi milli upplýsinga í ársyfirliti og grænu bókhaldi um losun níturs frá stöðinni árið 2021 og hins vegar er rekstraraðili hvattur til að girða alla lóðina af til að hindra aðgengi óviðkomandi að stöðinni.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.12.2022

  
Freyr Evarsson

